

# Aðalfundur FFLS

fimmtudagur 8. Október 2015

Fundarstjóri og ritari settir: Þórhallur Jóhannsson (ÞJ) fundarstjóri og Melkorka Matthíasdóttir (MM) ritari.

- Skýrsla stjórnar:

Óskar Kristjánsson (ÓK) talar um mikilvægi samstarfs og erfiðleika sem voru hér fyrir nokkrum árum vegna fámennis í foreldrafélaginu. Þá vantaði lög fyrir foreldrafélagið og fleira. Alltaf fámennt á öllum fundum. Nefnir svo sérstaklega fundinn fyrir 2 árum með Helgu Margréti frá H&S sem umbylti miklu og að við þurfum að halda þessu stanslaust áfram og aldrei að hætta að hafa samskipti en reyna frekar að efla þau. Við erum komin á gott ról sem foreldrafélag. Enn vandræði með svæðisráð foreldra og samskipti þar. Mætti sameina hugmyndir og samstarf Lágafellsskóla og Varmárskóla. ÓK hvetur foreldra um að koma inn í stjórn með sín hugðarefni og áherslur.

- Skýrslur nefnda: Engar nefndir starfandi eins og er. Mætti setja nefndir á ný.
- Lagabreytingar – engar lagðar fram
- Reikningar lagðir fram:

Inga Friðný (IF) kemur með ljósrít af reikningum: Nefnir sérstaklega hvað innheimtur eru góðar og foreldrar duglegir að greiða árgjald. Reikningur lesinn upp.

- Árgjald félagsins ákveðið áfram 1500kr. Til að tryggja áfram góðar heimtur.
- Kosning formanns FFLS. ÓK tilnefni ÞJ og Ólöf Kristín Sívertsen (ÓKS) tilnefni Davíð Inga Jónsson. Davíð segist ekki tilbúinn í formanninn en vill gjarnan koma inn í stjórn FFLS ( [dij@eimskip.is](mailto:dij@eimskip.is) ) ÞJ kosinn með lófaklappi.
- Kosning fleiri stjórnarmeðlima, eftirfarandi bjóða sig fram:

Sigrún og Melkorka fara út og Davíð Ingi og María Pálsdóttir koma inn. Lárus Arnar Sölvason ( [larussolva@gmail.com](mailto:larussolva@gmail.com) ) býður sig fram fyrir Kristínu Ástu sem bað um að fá að hætta í stjórn vegna anna. ÓK býður sig fram áfram í stjórn, allir kosnir með lófaklappi.

- Kosning varamanna:

Tinna Daníelsdóttir býður sig fram sem varamann  
Gunnar Ari Ólafsson býður sig fram sem varamann  
Petra Eiríksdóttir býður sig fram sem varamann

[tinnadan@gmail.com](mailto:tinnadan@gmail.com)

[gunnar@nova.is](mailto:gunnar@nova.is)

vantar netfang – er á bekkjarfulltrúalista

Varamenn kosnir með lófaklappi

Guðbjörn Gústafsson og Hreiðar Zoega bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og eru kosnir með lófaklappi.

Skýrsla skólaráðsfulltrúa: ÞJ fer yfir hlutverk og störf skólaráðs. ÞJ og ÓKS sitja þar fyrir hönd Lágafellsskóla.

Skýrsla svæðisráðs. ÓK búinn að ræða það í skýrslu stjórnar.

Önnur mál:

Guðbjörn nefnir að kannski ætti að setja inn í lagasetningu fyrir næsta aðalfund að hafa kosningu á víxl til tveggja ára til að tryggja samfellu í starfi skólaráðs.

Mætti líka hafa kosningu skólaráðsfulltrúa og svæðisráðsfulltrúa þegar kosið verður í stjórn á næsta aðalfundi. Muna að setja þetta inn fyrir næsta fund jafnvel inn í lagabreytingu.